

Fundur í fræðslu og skólanefnd í Laugargerðisskóla 10.04.2014 kl. 14

Mættir eru: Eggert Kjartansson, Guðríður Pétursdóttir, Katrín Gísladóttir, Sigurður Jónsson, Hulda Þórðardóttir, Sigríður Sigurðardóttir og Kristín Björk Guðmundsdóttir.

- * Fundargerð síðasta fundar undirrituð
- * Skóladagatalið 2014-2015 Skólasetning 21. ágúst og skólaslit 29. maí. Samþykkt samhljóða.
- * Framtíðarhugleiðingar um skólann: Eggert fór yfir það sem kom fram á fundi sem skólanefnd var boðuð á með hreppsnefnd og fulltrúum SSV á þriðjudag. Þar var farið yfir minnisblað frá SSV sem unnið var fyrir hreppsnefndina. Minnst var einnig á Erasmus+ verkefni sem Margrét Björk frá SSV talaði um að skoða. Ekki var talið ráðlegt að stökkva á stað með slíkt a.m.k. að svo stöddu. Nefndin leggur áherslu á að umræða um framtíð skólans verði á faglegum nótum ekki síður en fjárhagslegum og gefinn verði góður tími í að ræða málin áður en stokkið verði af stað í breytingar.
- * Önnur mál: Kastalamál, ákveðið hefur verið að setja mottur undir væntanlegan kastala til að lágmarka rask á skólalóðinni. Kastalinn og motturnar er væntanlegt eftir páska og er stefnt á uppsetningu í sjálfboðavinnu í stíl við framtakið.
- * Fundi slitið